

Starfsskýrsla æslulýðsnefnadar Gusts 2005-2006

Nefndin kom saman í okt'05 og byrjaði að leggja drög að dagskrá vetrarins

Vetrarstarfið hófst með árlegu jólaballi fyrir alla aldurshópa þann 28.12, góð mæting var og allir skemmtu sér vel að sjálfsögðu kom sveinki á svæðið og færði börnunum glaðning. Kökuhornið gaf nefndinni kökur til að hafa með “kaffinu” og nutu gestir góðs af því.

Um miðjan janúar kölluðum við börn og unglinga saman og ræddum skiplag vetrarins, hvað væri skemmtilegt að gera og fengum uppástungur frá þeim. Sýningin “æskan og hesturin” var rædd og skráðum við niður þau sem áhuga höfðu á að taka þátt. Buðum uppá pizzur og gos á meðan spjallað var.

Æfingar fyrir sýninguna “æskana og hesturinn” byrjuðu í lok janúar undir stjórn Hugrúnar Jóhannsd. Hún hefur gott lag á börnum og unglingum og hlustar vel á það sem krakkarnir hafa fram að færa um útfærslur, uppstillingar og búninga. Það voru þrír hópar sem æfðu, yngri og eldri hópur krakka og unglinga og svo voru pollarnir að sjálfsögðu með. Við lögðum upp með það að allir gætu tekið þátt og var atriðnu haga þannig að ekkert vafðist fyrir neinum, allir fengju að njóta sín á sínum hesti. Fjölmargir foreldrar tóku sig saman og hittust í Helgukoti og saumuðu búninga fyrir sýninguna sjálfa. Allir lögðu sitt af mörkum og áttu skemmtilega kvöldstund við saumaskap og hönnun. Hóparnir voru svo sitthvorn daginn og pollarnir skiptu á milli sínu dögum líka. Krakkarnir og foreldrar voru öll mjög ánægð með þetta fyrirkomulag.

Bingó var haldið í byrjun febrúar. Ekki höfðum við áður reynt það en tókst bara með ágætum, margir krakkar mættu og var mikil spenna í loftinu þegar tölurnar voru dregnar upp. Hestavöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu voru okkur hliðhollar og gáfu góðar gjafir til vinninga einnig voru bíomiðar og pizzur kærkomnir vinningar. Hverjum finnst ekki gaman að spila bingó?

Sameiginleg árshátíð hestamannafélaganna á höfuðborgarsvæðinu var haldin og áttum við okkar fulltrúa þar, komum með vinninga í happaðrætti ofl. Þessi árshátíð unglinga var haldin í félagsheimili Fáks, góð mæting var hjá unglingunum og þótti árshátíðin takast vel, allir skemmtu sér vel.

Mörg námskeið voru í boði hjá Gusti í vetur og var góð þáttaka á þeim öllu, fyrstu námskeiðin byrjuðu 10. jan Gustur niðurgreiddi námskeiðin. Knapamerkjanámskeið var einnig haldið og var góð þáttaka á því á meðal krakkanna.

Á öskudag héldum við öskudagsskemmtun hittumst í reiðhöllinni og fórum í leiki, hjólbörurkappakstur, eggjahlaup, pokahlaup ofl á endanum var svo farið í reiptog og kötturinn sleginn úr tunnunni. Góð mæting var og ýmsar verur og karakterar voru þarna á meðal okkar.

Ætlunin var að reyna að fara í óvissuferð með eldri hluta krakkanna en vegna mikilla anna við námskeið, sýningar ofl var sú ferð slegin af.

Á föstudaginn langa var árlegur þrauta og leikjadagur, þá mæta allir í furðufötum með hestana sína skreytta og fara í gegnum þrautabraut.. Góð stemmning var og allir hvattir vel áfram í gegnum brautina af “aðdáendum” sínum Verðlaun eru veitt fyrir besta búninginn og fyrir besta tímann í gegnum brautina. Að lokum fá allir viðurkenningu fyrir þáttökuna og páskaegg í lokin eru svo grillaðar pylsur.

Æskulýðsnefndin kemur að skiplagningu árlegs ÁG- móts sem er opið æskulýðsmót í tölti og haldið sumardaginn fyrsta ár hvert. Þessi dagur er skemmtilegu því þarna fá börn og unglingar daginn fyrir sig, gaman er að sjá hve góð þátttaka er og koma krakkar víðsvegar að til að taka þátt í skemmtilegu móti. Á sama tíma og mótið er, er árlegt kaffihlaðborð kvennadeildar Gusts, fólk getur rölt uppá efrihæð hússins og fengið sér í gogginn milli þess sem það fylgist með keppninni, myndast alltaf góð stemmning á þessum degi og margir koma og fylgjast með ungu kynslóðinni spreyta sig á keppnisvellingum.

Árlegir unglinga, barna og fjölskyldureiðtúrar voru farnir í maí og var þátttaka góð, farið var í Guðmundarlund og boðið uppá grillaðar pylsur í góðu yfirlæti.

Gustur átti glæsilega fulltrúa á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í sumar, stóðu allir sig með stakri þrýði og voru sér og sínu félagi til mikils sóma. Ein af okkar efnilegu knöpum náði þeim góða árangri að verða í 7. sæti í barnaflokk.

Íslandsmót barna og unglinga var haldið á Selfossi í ágúst. Þar átti Gustur glæsilega fulltrúa á mótinu. Sigurvegari fimmgangs var meðal annars frá Gusti. Allir keppendur sem kepptu fyrir hönd Gusts stóðu sig vel og vann fjöldi þeirra til verðlauna.

Æskulýðsnefnd Gusts í Kópavogi